

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 05.05.2021

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík, kl 11:00

Mætt: Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson og Hjörtur Guðnason

Dagskrá fundar:

1. Aðalfundurinn; hugsanlegir lausir endar.
2. Skálholt; beiðni um verkáætlun og kostnaðaráætlun frá Birni G. hönnuði.
2. Önnur mál.

1. Aðalfundur:

Aðalfundur fer fram á morgun, kl 17:00 . Notað verður skráningarblað til að framfylgja reglum. Sæmundur Árnason hefur tekið að sér að vera fundarstjóri og Þóru Elfu Björnsson fundarritari.

2. Skálholt:

Biðja Björn G. að gera kostnaðaráætlun, verkáætlun og greiðsluplan til hans. Fá fund með Margréti Hallgrímsdóttur, þjóðminjaverði, til að kanna kröfur um hirslur og sýningarskápa og fá upplýsingar um staðla fyrir slíkt.

3. Önnur mál:

1. Gjaldkera er heimilað að greiða allt að 25,000 krónum án samþykki stjórnar, en skýri frá slíku á næsta stjórnarfundum.
2. Hjörtur Guðnason færði safninu að gjöf nokkrar arkir frá námskeiði í marmeringu, sem Ole Lindberg hélt hjá Prenttæknistofnun 29. september 1997.

Fundi slitið 11:40.

Grímur Kolbeinsson, ritari